233. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. maí 2025, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður. Karl Kristjánsson. Arnheiður Jónsdóttir og varamaður hennar.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00.

1. **Fundargerð 233. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 233. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 23. apríl 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. **Umsögn vegna bátalægis á Grónesi í Reykhólahrepp**

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá skipulagsfulltrúa Reykhólahrepps, þar sem óskað er eftir áliti nefndarinnar á fyrirhuguðu bátalægi við Grónes í sveitarfélaginu.

Afgreiðsla:
Breiðafjarðarnefnd ræddi skipulagstillöguna. Starfsmaður nefndarinnar mun vinna drög að umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsögnin verður send til Reykhólahrepps.

3. **Endurheimt Hraunsfjarðar**

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar hér.

Nefndin hefur unnið áætlum í samvinnu við landeigendur um framgang verkefnis og er í samskiptum við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að vinna verkefnið áfram. Nýlega hefur verið gert samkomulag við fagaðila til kanna og greina undirbúningsvinnu sem þarf áður en hægt sé að taka upplýsta ákvörðum um hagkvæmni endurheimtar Hraunsfjarðar.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar ný gögn sem borist hafa frá Vegagerðinni.

4. **Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2025**

Breiðafjarðarnefnd er að undirbúa vettvangsferð árs 2025.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi vettvangsferðina og lagði hönd á áætlun um ferðina. Ferðin verður farið um Breiðafjarðareyjar þann 3. júlí 2025.

5. Jónsnes og Búðarnes í sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Breiðafjarðarnefnd hefur orðið vör við framkvæmdir í Jónsnesi í sveitarfélaginu Stykkishólmi. Nefndin sendi formlega fyrirspurn til sveitarfélagsins og leitaði einnig eftir upplýsingum hjá Skipulagsstofnun um málsmeðferðina í vor 2025. Ekki hefur borist formlegt svar frá sveitarfélaginu.

Í Búðanesi hefur sveitarfélagið haldið áfram jarðvegsvinnu í þeim tilgangi að útbúa söguleið um svæðið. Breiðafjarðarnefnd hefur áður fjallað um landnýtingu á svæðinu, sbr. umsögn sem send var sveitarfélaginu í janúar 2023. Á fundi í janúar 2025 var ákveðið að senda aðra fyrirspurn til sveitarfélagsins vegna framkvæmdanna. Nefndin leitaði jafnframt eftir upplýsingum hjá Skipulagsstofnun um málsmeðferðina, en formlegt svar frá sveitarfélaginu hefur enn ekki borist.

Afgreiðsla:

Breiðafjaðrarnefnd mun ítreka mál Jónsness og Búðarness við sveitarfélagið.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur á Teams þann 13. júní 2025, kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15.